



Forysta, fagmennska, fórnfýsi

Alveg frá grunni

Greinargerð

Helena Dögg Magnúsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs

Ípróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Forysta, fagmennska, fórnfýsi

Alveg frá grunni

Helena Dögg Magnúsdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í Tómsunda- og félagsmálafræði

Leiðbeinandi: Jakob Frímann Þorsteinsson

Íprótta-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2014

Forysta, fagmennska, fórnfýsi, Alveg frá grunni

Greinargerðin er liður í 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs í Tómsunda- og félagsmálafræði við Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild, Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Henni fylgja tvær afurðir, handbók fyrir unglínga og námskeiðslýsing fyrir námskeið umsjónarmanna unglíngadeilda Slysavarnafélagsins Landsbjargar

© Helena Dögg Magnúsdóttir, 2014.

Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfundar.

Prentun: Háskólaprent

Reykjavík, 2014

Ágrip (útdráttur)

Þetta BA verkefni ber heitið *Forysta, fagmennska, fórnfýsi – Alveg frá grunni*. Verkefnið er þríþætt og samanstendur af handbók fyrir unglinga í unglingadeildum Slysavarnafélagsins Landsbjargar, kennsluleiðbeiningum fyrir námskeið umsjónarmanna unglingadeilda og síðan þessi greinargerð.

Í handbók unglinga má finna grunnupplýsingar fyrir unglingana um starfið hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg og síðan eru þau námskeið og verkefni sem áætluð eru fyrir unglingana á þeim fjórum árum sem þau starfa í unglingadeildum ásamt ferilskráningu. Í kennsluleiðbeiningunum er farið yfir hvernig námskeiðið skal uppbyggt. Í námskeiðinu er fjallað um efnislega hvað þurfi að hafa í huga við þegar einstaklingar taka að sér að vera umsjónarmenn unglingadeilda Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Fræðsla um úti-, ævintýra- og reynslunám er sett fram á námskeiðinu. Greinargerðin er svo fræðileg umfjöllum um efnið, byggð á heimildum og er undirstaða verkefnisins í heild, þar sem farið er í fræðilegan kafla um reynslunám og ígrundun með áherslu á úti- og ævintýranám. Aðalmarkmiðið með verkefninu er að stuðla að samræmingu, í starfi unglingadeilda Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Efnisyfirlit

Ágrip (útdráttur)	3
Myndaskrá	5
1 Inngangur	6
2 Fræðileg umfjöllun	8
2.1 Mismunandi skipulagsleiðir náms	8
2.1.1 Formlegt nám (e.formal education)	9
2.1.2 Óformlegt nám (e. Non-formal education)	9
2.1.3 Formlaust nám (e. informal education)	10
2.2 Útinám	11
2.3 Ævintýranám.....	13
2.4 Reynslunám	14
2.5 Breytingarsvæðin.....	17
2.6 Leiðbeinandinn	18
3 Lýsing á afurðum	20
3.1 Markmið	21
3.2 Markhópurinn.....	21
3.3 Afurðirnar til framtíðar	22
4 Lokaorð	23
Heimildaskrá	24

Myndaskrá

Mynd 1. Námskringur Kolbs	15
Mynd 2. Aðlagð form af námskring Kolbs	16
Mynd 3. Breytingarsvæðin	17

1 Inngangur

Unglingastarf Slysavarnafélagsins Landsbjargar er mikilvægur þáttur í starfi samtakanna. Þar er verið að þjálfa upp björgunar- og slysavarnafólk framtíðarinnar og auka þekkingu ungs fólks á störfum björgunarsveita og slysavarnadeilda í landinu. Í félaginu eru 54 unglिंगadeildir um land allt og hver þeirra með sitt skipulag á sínu starfi. Þeir sem síðan sjá um unglिंगana í unglिंगastarfinu eru kallaðir umsjónarmenn og geta þeir verið misjafnir eins og þeir eru margir og hafa mis mikla þekkingu á starfi með unglिंगum.

Í áraraðir hefur unglिंगastarf verið starfrækt innan björgunarsveita, fyrst innan Slysavarnafélags Íslands og nú innan Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Það hefur verið starfandi um land allt og verið keyrt áfram af gömlum vana og hefðum.

Lokaverkefnið er þrjúþætt og samanstendur af tveimur afurðum, handbók fyrir unglिंगa í unglिंगadeildum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og námskeiðslýsingu fyrir námskeið umsjónarmanna unglिंगadeilda og síðan þessari greinargerð. Handbók unglिंगa og námskeið fyrir umsjónarmenn er hluti af því að stuðla að samræmingu í þjálfun milli unglिंगadeilda og vera stuðningur og aðhald við skipulag starfsins.

Unglिंगadeildirnar vinna mjög gott starf en með gerð handbókar fyrir unglिंगana og námskeiði fyrir umsjónarmenn verður starfinu gefinn ákveðinn rammi sem stuðlar að samræmingu á milli deilda. Með samræmingunni er verið að stuðla að því að starfið verði markvissara og faglegra. Þetta lokaverkefni er veigamikilið og getur komið starfinu að miklu gagni.

Í starfinu fá unglिंगarnir fræðslu í flestu sem viðkemur björgunarstarfinu svo sem leitartækni, fyrsta hjálp, almenn ferðamennska, sig, rötun, notkun áttavita, kortalestur, GPS, að binda hnúta, að umgangast slöngubáta og fleira. Námsfnið fyrir unglिंगana er tekið úr námsefni Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar sem er sniðið að fullorðnum nemendum, en er búið að lagfæra þannig að það höfði betur til unglिंगa. Það er einnig búið að lagfæra námsefnið til þess að umsjónarmenn unglिंगadeilda geti sjálfir kennt efnið. Í námskeiði fyrir umsjónarmenni er farið í aðferðarfræðina við kennsluna þannig að það skili sér sem best til unglिंगanna.

Greinargerðin fékk heitið *Forysta, fagmennska, fórnfýsi – Alveg frá grunni*, vegna þess að þessi þrjú orð eru gildi Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Með Forystu er átt við að félagið sé öflug liðsheild og sýni metnað og frumkvæði með það að verða í forystu á þeirra sviði. Með fagmennsku er átt við félagsheildin sé traustsins verð og vinnubrögðin einkennist af fagmennsku. Með fórnfýsi er átt við störf félagsmanna byggja á fórnfýsi og hjálpssemi við landsmenn (Slysavarnafélagið Landsbjörg, e.d).

Unglingastarfið er hluti af starfi félagsins og á það að vinna eftir þessum gildum líkt og allir aðrir félagsmenn. Seinni hlutinn af nafni verkefnisins, *alveg frá grunni*, er vísun í að það sé verið að kenna unglingum að vinna eftir þessum gildum strax í upphafi, um leið og unglingur hefur þátttöku sína í starfi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Sú þjálfun sem fram fer í unglingastarfinu nýtist að nokkru leiti sem útinám og ævintýranám, en ævintýranám gengur út á það að takast á við þau ævintýri sem náttúran hefur upp á að bjóða. Einstaklingar þurfa að læra að bjarga sér úti í náttúrunni og þekkja það sem þarf að hafa í huga þegar farið er út í náttúruna (Gilbertson, Bates, McLaughlin og Ewert, 2006:8). Það er einnig verið að kenna unglingunum að nýta sér reynsluna sem þeir öðlast í starfinu, sem er margskonar, því auk allra námskeiðanna fara þeir á æfingar tengdar því sem þeir læra. Settir eru upp ratleikir sem innihalda verkefni sem þeir þurfa að leysa sem eru tengd námskeiðunum. Einnig taka þeir þátt í æfingum björgunarsveitanna, oftast sem sjúklingar. Við allt þetta öðlast þeir mikla reynslu og það er hlutverk umsjónarmanna að leiðbeina þeim í að gera reynsluna að lærdómi og er það gert með ígrundaðri hugsun. Kolb og fleiri fræðimenn telja að reynsla sé ekki nóg ein og sér til að tryggja menntandi áhrif heldur sé það ígrundunin sem geri það að verkum (Björn Vilhjálmsson, 2010a:18).

Starf unglingadeilda Slysavarnafélagsins getur styrkst með því að vera með samræmt skipulag á starfinu. Handbókin og námskeið fyrir umsjónarmenn eru gerð í þeim tilgangi en með samræmingu á milli deilda í unglingastarfinu og fræðslu til umsjónarmanna verður starfið markvissara og faglegra.

2 Fræðileg umfjöllun

Unglingastarf Slysavarnafélagsins Landsbjargar fyrir unglunga á aldrinum 13-18 ára. Starfið er skipulagt tómstundastarf og unnið að því að gefa unglungum tækifæri til að efla sjálfstæði og sjálfstraust sitt með jákvæðum verkefnum til að takast á við.

Tómstundastarf er mikilvægt fyrir unglunga, tómstundir skapa vettvang fyrir unglungana til að öðlast meiri sjálfstæði og sjálfstraust. Einnig eru tómstundir kjörinn vettvangur til þess að fá útrá fyrir tjáningu og félagslegum samskiptum. Í skipulögðum tómstundum eru athafnir unglunganna undir handleiðslu fullorðinna en reynt að stjórna aðstæðunum ekki of mikið (Bull, Hoose og Weed, 2003).

Í unglungastarfinu er verið að þjálfa upp björgunar- og slysavarnafólk framtíðarinnar og auka þekkingu ungs fólks á störfum björgunarsveita og slysavarnadeilda. Þetta er gert með margskonar aðferðum. Mikil áhersla er lögð á verklegar æfingar, að unglungarnir fái að prófa að þá þekkingu sem þeir öðlast í aðstæðum sem eru hvað líkust raunveruleikanum. Unglingarnir eru undir leiðsögn umsjónarmanna sem hafa gengið í gegnum þjálfunarferli í björgunarsveitunum og eru orðnir fullgildir félagar.

Þjálfun unglungana byggist að miklu leiti á úti- og ævintýranámi. Einnig skiptir máli að öðlast reynslu og kunna að nýta sér hana þannig að hægt sé að læra af henni. Umsjónarmenn hafa fengið þjálfun í sínu björgunarsveitarstarfi en til viðbótar þeirri þjálfun er þörf á fræðslu til þeirra um það sem hafa þarf í huga þegar starfað er með börnum og unglungum. Það færir starfinu aukna fagmennsku ef umsjónarmenn eru kunnugir þeim hugtökum og hinum ýmsu hliðum uppeldisfræðinnar.

Svo hægt sé að tengja fræðin við unglungastarfið er þörf á að greina frá þeim hugtökum og kenningum sem koma fram í starfinu.

2.1 Mismunandi skipulagsleiðir náms

Þegar fólk hugsar til orðsins náms þá er eins og það tengist alltaf við skólafögu. En nám á sér ekki bara stað í skólabyggingu heldur getur nám eða menntun átt sér stað allstaðar og fólk er að læra allt sitt líf. Fólk lærir af hvert öðru, börn læra af þeim sem eldri eru og við þroskumst í hinu félagslega umhverfi.

Það hafa verið nefndar þrjár tegundir kennsluskipulags: formlegt nám (e. formal education), óformlegt nám (e. Non-formal education) og formlaust nám (e. informal education). Í bókinni Kompás, er formlaust nám kallað „skóli lífsins“ (Brander o.fl., 2009:21). Hér fyrir neðan verða þessi hugtök skilgreind.

2.1.1 Formlegt nám (e.formal education)

Formlegt nám er skilgreint af fræðslumiðstöð atvinnulífsins sem:

Formlegt nám fer fram í formlegu skólaumhverfi, skólabyggingum og er viðurkennt með útskrift eða prófskírteini frá formlegum skólayfirvöldum (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.:3).

Í bókinni Kompás er skilgreiningin þessi:

Formlegt nám vísar til hins skipulega náms og kennslu sem fer fram í leikskólum og allt upp í háskóla og tekur einnig til sérstakra námsbrauta til starfsmenntunar (Brander o.fl., 2009:21).

2.1.2 Óformlegt nám (e. Non-formal education)

Óformlegt nám er ekki ósvipað formlega náminu en þó eru munur á þeim og hefur Fræðslumiðstöð atvinnulífsins skilgreint óformlegt nám sem

Færni sem aflað er í námi utan skólakerfis, til dæmis hjá símenntunarmiðstöðvum, námsflokkum eða með námskeiðum á vinnustað. Þessi færni er oft staðfest með skírteini eða viðurkenningu á þátttöku (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.:3).

Í bókinni Kompás er skilgreiningin þessi:

Óformlegt nám vísar til alls skipulegs náms sem er liður í persónubundinni og félagslegri menntun ungs fólks, er ætlað að bæta hæfni og færni og er utan formlegrar námskrárskólakerfisins (Brander o.fl., 2009:21).

Munurinn á þessu tvennu er að í formlega náminu þarf að ljúka hverju stigi með prófi eða mati en ekki í óformlegu námi. Skipulagið er ekki endilega með vel skilgreindum markmiðum eða afmörkuðum námstíma og náminu lýkur oft án staðfestingar (Gunnar E. Finnbogason, 2009:3).

2.1.3 Formlaust nám (e. informal education)

Formlaust nám byggir á samskiptunum við aðra og meiri áhersla lögð á einstaklinginn sjálfan samkvæmt fræðslumiðstöð atvinnulífsins og er það skilgreint sem:

Færni sem einstaklingurinn hefur öðlast í gegnum daglegar athafnir tengdar starfi, fjölskyldu eða frítíma. Færni sem einstaklingurinn býr yfir en hefur hvorki skírteini né aðra staðfestingu á að hann hafi tileinkað sér (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, e.d.:3).

Í bókinni Kompás er skilgreiningin þessi:

„Skóli lífsins“ vísar til ævilangs ferlis þar sem hver einstaklingur tileinkar sér viðhorf, gildi, hæfni og þekkingu úr eigin umhverfi og daglegu lífi (fjölskylda, nágrennar, verslanir, bókasöfn, fjölmiðlar, leikir og störf o.s.frv.) (Brander o.fl., 2009:21).

Í eðli sínu er formlaust nám á ábyrgð nemendanna sjálfra, þeir kenna sjálfum sér og hver öðrum, jafningjafræðsla.

Ef þetta er dregið saman þá er formlegt nám tengt við skólakerfið, og samkvæmt Jeff og Smith er óformlegt nám tengt við samfélagslega hópa og félagasamtök en formlausa námið við vini, fjölskyldu og vinnufélaga (Jeff og Smith, 2005:135). En félagsmiðstöðvar og símenntunarstöðvar eru líka að vinna með óformlegt nám. Ef skoðað er hvað þessar leiðir eigi sameiginlegt þá er það að allar stuðla að menntun og þroska einstaklinga

Unglingastarf Slysavarnafélagsins Landsbjargar er því að hluta til óformlegt og að hluta til formlaust nám. Óformlegt í þeim skilningi að námskeiðin sem unglingarnir taka eru ekki af þeim toga að þau þurfi að ljúka þeim með einhverskonar prófi eða mati til að komast áfram í starfinu. Með handbók unglunga er þó verið að gera starfið formfastara með skiptingu námsefnis niður á ákveðin ár og unglingarnir þurfa að fá staðfestingu á þátttöku á verkefnum, námskeiðum eða æfingum sem þeir taka þátt í á vegum unglingadeildarinnar frá leiðbeinanda eða umsjónarmanni. Einnig verður mikil þekkingaröflun meðal unglungana í gegnum formlaust nám, þegar unglingarnir læra hver af öðrum í gegnum þá reynslu og upplifun sem gerist í starfinu. Lærdómurinn felst í því að

hópurinn sest niður og deilir reynslu sinni og upplifun af verkefnum, æfingum eða námskeiðum, allt í gegnum samræður.

2.2 Útinám

Útivist og útivera er eitt af því sem tengist við björgunarsveitir landsins. Aukinn áhugi þjóðarinnar á útivist og hreyfingu eins og gönguferðum á fjöll virðist hafa bein áhrif á björgunarsveitarstarf. Af tilfinningu björgunarsveitarmanna hefur útköllum yfir sumartímann fjölgað töluvert og telja þeir að ástæða þess sé meðal annars að áhugi almennings á gönguferðum í fjalllendi hefur aukist (Jónas Guðmundsson, 2013 munnleg heimild). Tækifæri til að njóta náttúrunnar og það sem hún hefur upp á að bjóða, dregur að sér einstaklinga sem vilja starfa í björgunarsveitum. Fórnfýsi björgunarsveitarfólks snýst um að aðstoða fólk í neyð við þær ýmsu aðstæður sem geta komið upp, hvenær sólarhringsins sem er og allt árið um kring. Tilgangurinn er ef til vill sá að leggja sitt af mörkum til gera samfélagið betra.

Á mörgum stöðum er unglíngastarfið upphafið í björgunarsveitarstarfinu og byggist á að þjálfa upp björgunar- og slysavarnafólk framtíðarinnar þ.e. að auka þekkingu ungs fólks á störfum björgunarsveita og slysavarnadeilda. Mest allt starf í unglíngadeildum landsins fer fram utandyra. Það er ávallt verið að fá unglíngana til að setja sig í spor björgunarsveitarfólks og þeim gefin tækifæri á að upplifa ævintýramenskuna sem fylgir með í björgunarsveitarstarfi. Sem dæmi um það má nefna klettlífur, sig, vinnu í rústum og siglingu á slöngubátum. Þeim er gefinn kostur á að taka þátt og safna sér þannig mikilvægri reynslu sem þau taka svo með sér upp í björgunarsveitarstarf þegar þau ná aldri til að starfa þar.

Útinám er námsaðferð sem leggur áherslu á beina upplifun úti í náttúrunni í gegnum mörg skilningarvit. Aðferðin byggir á samþættingu náms við umhverfi og samfélag (Gilbertson, Bates, McLaughlin og Ewert, 2006:4).

Einnig hefur Jakob Frímann Þorsteinsson tekið saman lýsingar Simon Priest á útinámi í bókinni, Að leika, læra og þroskast úti og hljómar það á þennan hátt:

Útinám er náms- og kennsluáðferð sem leggur áherslu á nám undir berum himni þar sem öll skynfæri eru virkjuð með þátttöku úr beinum upplifunum og reynslu. Markmiðið er að stuðla að alhliða þroska manneskjunnar og skapa tengsl milli einstaklings, náttúrunnar og samfélagsins (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2011:28).

Útinám skiptist í tvo flokka umhverfisnám (e. environmental education) og ævintýranám (e. adventure education). Umhverfisnám felst helst í samskiptum mannsins við umhverfið, það að læra um eða á náttúruna og umhverfið. Með þann tilgang að auka skilning mannsins á náttúrunni (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2011:29).

Félagsfólk Slysavarnafélagsins Landsbjargar vill vera til fyrirmyndar í umgengni við land og náttúru og vinna þau eftir umhverfisstefnu sem sett var fram og samþykkt á landsþingi félagsins, til leiðbeiningar um það hvernig æskilegt sé að starfsfólk og félagar umgangist land og náttúru. Það er gert til að minna á mikilvægi virðingar við náttúru og umhverfi.

Umhverfisstefna félagsins hljóðar svona:

- *Við tökum tillit til umhverfismála í allri starfsemi félagsins og stuðlum þannig að betra umhverfi til sjós og lands.*
- *Við sýnum viðkvæmum landssvæðum virðingu og leitumst við að valda sem minnstu tjóni í umhverfinu þegar unnið er við björgun, verið við æfingar eða á ferðalögum.*
- *Við höfum að leiðarljósi að utanvegaakstur sé ekki stundaður nema í brýnustu neyð og með eins litlum umhverfisáhrifum og kostur er.*
- *Við kynnum og hvetjum til vistvæns aksturs og siglinga.*
- *Við kynnum félögum Slysavarnafélagsins Landsbjargar umhverfismál og hvetjum þá til góðrar umgengni í störfum sínum*
- *Við stefnum að því að setja okkur mælanleg markmið í umhverfismálum, svo sem varðandi endurvinnslu, innkaup og úrgang.*

- *Við fylgjum öllum stjórnvaldskröfum sem gerðar eru varðandi umhverfismál.*
- *Við vinnum í náinni samvinnu við félag, viðskiptavini og þjónustuaðila um að þeir uppfylli umhverfismarkmið félagsins. (Slysavarnafélagið Landsbjörg, e.d)*

John Dewey benti á að við notum umhverfið til þess að fræða fólk og við veljum umhverfið eftir því hvað við erum að fara að gera og hvernig hópa við erum með (Jeffs og Smith, 1999:19).

Náttúran er nýtt sem svæði til að efla unglingana í unglingastarfi félagsins og að kenna þeim strax í upphafi hversu megnug náttúran getur verið og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir öllu umhverfinu.

2.3 Ævintýranám

Ævintýranám gengur út á að takast á við ævintýrin sem náttúran hefur upp á að bjóða þ.e að einstaklingar læri að bjarga sér úti í náttúrunni og viti hvað þarf að hafa í huga þegar farið er út í náttúruna. Í bókinni *Outdoor Education - Methods and strategies* er ævintýranám er skilgreint á eftirfarandi hátt:

Ævintýranám er nám sem fer fram í aðstæðum sem líkust óbyggðum náttúrunnar eða í gegnum náttúruna. Þróun á líkamlegri hæfni til félagslegs þroska eða til að þróa líkamlega færni við útvistariðju (Gilbertson, Bates, McLaughlin og Ewert, 2006:8)¹.

¹ Adventure education is education that is conducted in a wilderness-like setting or through nature and physical skills development to promote interpersonal growth or enhance physical skills in outdoor pursuits.

Í ævintýranámi öðlast einstaklingar færni í að takast á við margskonar aðstæður sem geta komið upp og líkamlega færni. Mikilvægur þáttur í ævintýranáminu er ævintýrið, einhver óvissa, það að upplifa eitthvað einstakt sem viðkomandi hefur ekki gert áður. Einhver staður sem er ókunnur eða ókunnar aðstæður eru ævintýri og einstaklingar þurfa að takast á við það óþekkt. Það er leið sem þroskar þá. Óvissan þarf ekki að vera mikil, hún getur alveg eins verið sú að veðrabreyting verður í miðri gönguferð eða að breytt er út af fyrirfram ákveðinni gönguleið. Gilbertsson og félagar koma inn á það að sumar aðstæður geta verið ókunnar fyrir einn en alkunnar fyrir annan og er því mismunandi upplifun fyrir einstaklinga í sömu ferðinni (Gilbertson, Bates, McLaughlin og Ewert, 2006:9). Það skiptir máli að einstaklingar taki sjálfir ákvörðun um þær áskoranir sem verða á vegi þeirra.

Ævintýrið sem felst í því að vera í unglíngastarfinu hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg er að unglíngarnir eru alltaf að upplifa eitthvað nýtt, fara í allskyns ferðir sem reyna á þá bæði líkamlega og andlega. Þeir hafa tækifæri til að smíða sína dagskrá fyrir veturinn sjálfir með aðstoð umsjónarmanna. Þó er alltaf einhver óvissa í öllum ferðum til að halda þeim spennandi. Það er unnið mikið úti í náttúrunni og oft búnað til aðstæður fyrir unglíngana sem þeir koma til með að læra af, stundum er það félagsleg færni, stundum er það líkamleg færni en alltaf með það að markmiði að þeir komi heim með aukna færni og þekkingu.

2.4 Reynslunám

Orðin reynsla (e. experience) eða reynslunám (e.experiential learning) eru lykilhugtök þegar unnið er með úti- og ævintýranám. John Dewey hafði mikil áhrif á hugmyndir fræðimanna og oft kallaður faðir reynslunámsins (Priest og Gass, 2005:14). Hann sagði að sönn eða ósvikin menntun verði til með reynslu og vildi að einstaklingar lærðu af sjálfssprottum áhuga (Dewey, 2000b:35). Nám í verki eða að læra með því að framkvæma (e. learning by doing) urðu einkunnarorð kennsluaðferða Johns Deweys. Til þess að kennsluaðferðin hans virki á þann hátt sem henni er ætlað, verður allt sem nemendur eiga að gera að vera markvisst og vel skipulagt. Hlutverk kennarans er að fá nemendur til að hugsa um verkefni og spyrja spurninga sem leiða til umræðu og að hún


hafi menntunarleg áhrif. Hugtök eins og áhugi, virk reynsla, eigin athugun og könnun, samfella í vinnubrögðum og þroski voru lykilhugtök í kennslufræðum Deweys (Dewey, 2000a:15-17). Reynslan verður að vera menntandi og til þess að hún geti talist menntandi benti Dewey á að hún yrði að vera vera samfelld og byggja á gagnvirkum samskiptum. Samfella (e.continuity) þýðir að einstaklingar verði að geta tengt nýju reynsluna við þá eldri á árangursríkan hátt. Samskipti (e. interaction) þýðir að einstaklingar verða að geta dregið ályktanir í umhverfinu sem hann hefur verið í virkum samskiptum við (Björn Vilhjálmsson, 2010:16).

Til eru margar skilgreiningar á reynslunámi en notast er við skilgreiningu frá Luckner og Nadler, úr bókinni *Processing the experience. Strategies the enhance and generalize learning*, sem Jakob Frímann Þorsteinsson birtir í bókinni *Að leika, læra og þroskast úti*:

Reynslumiðað námi er að læra af því að gera hlutina. Ferli sem einstaklingur byggir upp þekkingu, öðlast færni og breytir gildismati sínu vegna beinnar reynslu. Reynslunám á sér stað þegar einstaklingur tekur þátt í einhverju verkefni, ígrundar það og metur á gagnrýnan hátt, afleiðir mikilvæga námsþætti með greiningunni og samþættir niðurstöðuna með breytingu á skilningi og / eða þekkingu (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2011:70).

Samkvæmt kenningum Davids Kolb er misjafnt hvaða aðferðum einstaklingar beita til að öðlast skilning og þekkingu. Sumir læra af reynslunni með því að nota þekkinguna sem skapast hefur en aðrir nota röklega og greinandi hugsun og bíða með að framkvæma, á með þeir íhuga málin (Rúnar Sigbórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West, 1999:161).

Eitt vinsælasta líkanið um nám og reynslu var sett fram af David Kolb og




Mynd 1. Námshringur Kolbs

kallað hefur verið námshringur Kolbs sem sjá má á mynd 1 (Kolb. 1984:21). Það byggist upp á fjórum þáttum og byrjar á því að viðkomandi upplifir eitthvað (Upplifun > reynsla). Síðan vinnur viðkomandi með það sem hann upplifir (ígrundun eða athugun) þar sem þátttakendur fara yfir hvernig til tókst og hvernig er hægt að bæta það sem ekki tókst nægilega vel. Það verður fjallað nánar um ígrundun hér fyrir neðan. En eftir ígrundunina eru myndaðar nýjar kenningar eða hugtök (alhæfing) um upplifunina eða reynsluna og loks er það notkunin á nýju reynslunni eftir alhæfinguna. Með þessu er hægt að sjá hvernig nám verður til af reynslunni.

Síðan hefur þetta ferli verið aðlagð og mynd 2 sýnir spíralform en ekki lokaðan hring sem merkir að þetta er áframhaldandi ferli (Kolb. 1984:21)

Kolb og fleiri fræðimenn komu með það að reynslan ein tryggir ekki menntandi áhrif heldur sé það ígrundunin sem gerir það að verkum (Björn Vilhjálmsson, 2010:18).



Mynd 2. Aðlagð form af námshring Kolbs

Ígrundun (e. reflective) er einn af fjórum þáttum námshrings Kolbs en hún hefur verið skilgreind sem:

Ígrunduð hugsun er virk, stöðug og vendileg hugsun á hvaða skoðun eða tilgátu sem vera skal í ljósi þeirra raka sem styðja hana og frekari niðurstaðna sem hún bendir til (John Dewey, 2000a:32).

Ígrunduð hugsun er í raun eins og keðja, þar sem ein hugmynd byggist á því sem áður hefur gerst. Keðjan verður að hafa tilgang og einhverja stefnu, einnig verður keðjan að stefna að einhverri niðurstöðu svo hægt sé að alhæfa og byggja ofan á reynsluna.


Markmið ígrundunarinnar og mögulegur flutningur þekkingar getur verið mismunandi. Flutninginn má setja niður í þrjú flokka, sértækur flutningur (e. specific transfer), almennur flutningur (e. non- specific transfer) og líkingarflutningur (e.

metaphoric tranfer). Sértaekur flutningur er þegar hægt er að nýta reynslu í svipuðum aðstæðum við ekki ólíka framkvæmd. Það er til dæmis þegar unglingur hefur lært ýmislegt sem tengist ferðamennsku eins og ferðahegðun og nýtir síðan þá reynslu í gönguferðum með foreldrum sínum. Almennur flutningur er þegar hægt er að nýta reynslu í almennum aðstæðum t.d. í daglegu lífi. Þetta má útskýra á þann hátt að unglingar fara sama að síga og þurfa að tryggja hvert annað með því að halda í línuna, þeir treysta á hvert annað í þessum aðstæðum. Þetta getur leitt til þess að þau treysti hvort öðru í daglega lífinu. Líkingarflutningur er þegar nýta má reynslu í sérstökum aðstæðum í mjög ólíkum aðstæðum. Þá er leitað að líkingum í báðum aðstæðunum, dæmi um þetta getur verið ferð sem tekið hefur verulega á og unglingar þurft að fara vel út fyrir þægindahringinn, getur það verið hvatning til að takast á við fleiri erfið verkefni að allt öðrum toga og öðlast þor við erfiðar aðstæður (Gass, 1995:132-135). Reynslan sem unglingar öðlast í starfi unglingadeildanna nýtist þeim ekki bara í starfinu heldur einnig í þeirra daglega lífi. Þetta byggir á því að leiðbeinandi haldi rétt á spilunum, hvernig hann vinnur með reynsluna og úrvinnsluna á þeim verkefnum sem unglingarnir voru að vinna að.

2.5 Breytingarsvæðin

Í unglingastarfinu eru umsjónarmenn að vinna mikið með ævintýranámið og áskoranir af ýmsu tagi. Ævintýramennskan í björgunarstarfinu getur verið mikil en það er líka ábyrgðarfullt starf og björgunarsveitarfólk þarf að vera í stakk búið til að geta tekist á við miklar áskoranir í verkefnum, við ef til vill mjög erfiðar aðstæður og er því þörf að þekkja sjálfan sig og mörk sín mjög vel. Í unglingastarfinu er það hlutverk umsjónarmannanna að leiðbeina unglingunum í gegnum það og er því nauðsynlegt að umsjónarmenn þekki hópinn sinn vel og hversu megnugur hann er, bæði veikleika og styrkleika svo að úr áskoruninni verði lærdómur af reynslunni.

Breytingarsvæðin (e. change zone) er táknræn skýringamynd (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2011:87) og tengist hún alhæfingunni í námshring Kolbs. Tilgangurinn er að einstaklingar takist á við áskoranir og



Mynd 3. Breytingarsvæðin

sigríst á þeim, við það myndast ný þekking og reynsla sem hægt er að nýta svo í öðrum aðstæðum (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2011:80).

Svæðin eru fjögur og mynda þau hring eins og sést hér á mynd 3. Innst er *þægindasvæðið* (e. *comfort zone*), það er svæði sem einstaklingum líður vel á og öryggi er mikið. Innan þessa hringis er allt sem einstaklingur þekkir og hefur lært. Til þess að eitthvað nám geti átt sér stað er þörf á því að stíga út fyrir þennan hring.

Andvörpunarsvæðið (e. *groan zone*) er hið óþekkt og fólki líður þínu óþægilega. Þetta er svæði þar sem einstaklingar eiga það til að stíga þínu út á og freistast í að fara aftur inn á þægindasvæðið. *Teygjusvæði* eða stundum kallað *þroskasvæði* (e. *growth zone*), á þessu svæði læra einstaklingar um öryggi og að nota nýja þekkingu. Þessu svæði fylgir óöryggi og ójafnvægi í upphafi en ef vel tekst geta einstaklingar með tímanum stækkað þægindasvæðið sitt. Ysti hringurinn kallast *Örvæntingarsvæði* (e. *panic zone*), þar skapast mikil ofsahræðsla og örvænting og er það svæðið sem talið er að lítið eða ekkert nám eigi sér stað á (Jakob Frímann Þorsteinsson, 2011:80).

Með þekkingu á þessum svæðum, góða þekkingu á einstaklingunum í hópnum og samsetningu hópsins hefur umsjónarmaður mjög gott verkfæri í hendi sér til að vinna vel með reynsluna og reynslunámið.

2.6 Leiðbeinandinn

Við heimildaleitina komu upp mörg orð um einstaklinga sem eru að mestu að gera það sama, að vinna með börnum og unglingum. Það eru mismunandi hlutverk og mismunandi kröfur gerðar til þeirra eftir því hvar þeir starfa. Innan skólakerfisins eru það kallaðir kennarar (e. *teacher*) og bera þeir ábyrgð á menntun nemenda, bera ábyrgð á að þau læri að lesa, skrifa reikna svo einhver dæmi séu nefnd. Það er síðan útkoma úr prófum sem segir til um hvernig kennari hefur staðið sig.

Við lestur greinarinnar *Kynning á heimspeki og kenningagrunni reynslumiðaðs náms* eftir Björn Vilhjálmsson, þá er vegvísir (e. *fasilitator*) það orð sem vakti mesta athygli og er það nafn yfir kennara eða leiðbeinanda í reynslunámi. En auk vegvísar þá eru það stjórnandinn (e. *instigator*), þjálfarinn (e. *coach*) og matsmaðurinn (e. *assessor*) sem eru með hlutverk fræðara út frá sjónarhorni hugsmíðahyggjunnar á reynslumiðað nám (Björn Vilhjálmsson, 2010a:20).

Í reynslunámi er það nemandinn sem ber ábyrgð á sínu eigin námi og því er aðalmálið að læra af reynslunni, reynsla er í raun besti kennarinn. Hlutverk vegvísis er því allt öðruvísi en hlutverk kennara í skólastofunni. Björn setur fram hvað hlutverk vegvísis er:

Vegvísir hvetur nemandann til að muna eftir, meta, tala um og hugsanlega greina á gagnrýnin hátt eigin reynslu (fortíð) þeirra til að smíða nýja þekkingu. Ein mikilvægasta skylda og ábyrgð vegvísisins, því reynslumiðað nám felur oft í sér sterkar tilfinningar, er að skapa umhverfi sem byggir á trausti, á að vera sannur, heilindum og virðingu, sem og að sýna öllum þolinmæði (Björn Vilhjálmsson, 2010a:20).

Vegvísar eiga að nýta þekkingu sína á hópum og búa til þær aðstæður svo að reynslan og ígrundunin um hana verði árangursrík. Það er mikilvægt að vegvísir þekki þarfir ólíkra einstaklinga og hópsins í ólíkum aðstæðum og hafi þann eiginleika að vera sveigjanlegur til að geta komið til móts við alla. Björn leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að vegvísar geri sjálfir það sem þeir segja, að skoða og greina eigin reynslu áður en þeir hvetja nemendur til að gera það. Það er mikilvægt að það sé ljóst að vegvísar séu ekki uppspretta upplýsinga og lausna og hafi svör við öllu heldur er það þeirra hlutverk að spyrja réttu spurninganna, á réttum tíma, við réttar aðstæður til þess að nemendur skoði og meti reynslu sína (Björn Vilhjálmsson, 2010b:9).

Hluti af markmiði unglingastarfs Slysavarnafélagsins Landsbjargar er að aðstoða unglunga í að læra á sjálfa sig, takmarkanir sínar og eiginleika þannig að þeir verði færari í takast á við það sem koma skal í framtíðinni og geti tekið sjálfstæðar ákvarðanir. Þegar nám er sett upp á reynslumiðaðan hátt er verið að ýta undir lýðræði unglunganna og gefa þeim tækifæri til að reyna við hlutina sjálfir en ekki vera stanslaust að mata þau af upplýsingum og verkefnum líkt og gert er í skólakerfinu. Það er gott fyrir félagslegan þroska einstaklinga þegar þeim er gefið tækifæri á að taka ábyrgð á því sem þau taka sér fyrir hendur. Leiðbeinendur spila þar stórt hlutverk svo að vel takist til. Leiðbeinendur hafa mörg hlutverk, vera vegvísir, fyrirmyndin, vinurinn, leiðbeinandinn og hinn mikilvægi

fullorðni. En að vera hinn mikilvægi fullorðni felst í að vera fyrirmynd, senda jákvæð skilaboð í orðum og verkum og bregðast alltaf við neikvæðri hegðun þegar hún á sér stað. Hinn mikilvægi fullorðni er einstaklingur sem unglingurinn treystir og þarf því að vera til fyrirmyndar eins og áður kom fram í orði og verki. Það er ábyrgðarmikið starf að vinna með börnum og unglingum og það á að gera kröfur til þeirra sem það gera. Kröfurnar sem Slysavarnafélagið Landsbjörg gerir til umsjónarmanna eru sífellt að verða meiri en eins og staðan er núna verður að minnsta kosti einn umsjónarmaður, sem er falin ábyrgð á starfi unglingadeildarinnar, að hafa náð 20 ára aldri og aðstoðar umsjónarmenn verða að hafa náð 18 ára aldri. Það eru einnig eru kröfur um að umsjónarmenn skili sakavottorði og sækni námskeið er tengjast því að starfa með unglingum eins og námskeiðið Verndum þau (Dagbjört H. Kristinsdóttir, 2013 munnleg heimild). Verndum þau er námskeið sem er byggð eru á bókinni *Verndum þau* eftir Ólöfu Ástu Farestveit og Þorbjörgu Sveinsdóttur. Námskeiðið fjallar um hvernig eigi að bregðast við grun um ofbeldi og vanrækslu gegn börnum og unglingum (Æskulýðsvettvangurinn, e.d).

3 Lýsing á afurðum

Afurðirnar eru tvær, handbók fyrir unglinga í unglingadeildum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og námskeiðslýsingu fyrir námskeið umsjónarmanna unglingadeilda

Í handbók unglinga er að finna upplýsingar um Slysavarnafélagið Landsbjörg og þau námskeið og verkefni sem áætluð eru unglingunum þau fjögur ár sem þeir starfa í unglingadeildum. Í bókinni eru ennfremur eyðublöð fyrir ferilskráningu unglinganna og geta þeir þannig haldið utan um þau námskeið, fyrirlestra, verkefni eða ferðir sem þeir sækja í unglingastarfinu. Til þess að gera handbókina aðgengilegri fyrir unglinga var ákveðið að hafa hana ekki of stóra eða fyrirferðarmikla. Það á að vera auðvelt að gefa sér tíma til að renna í gegnum hana. Handbókin er með grípandi myndum og auðlesnum texta.

Í námskeiðslýsingu fyrir námskeið umsjónarmanna unglingadeilda er búið að gera dagskrá og lýsingu á hvernig námskeiðið fyrir umsjónarmenn unglingadeilda er sett upp. Námskeiðið er sett upp sem helgarnámskeið sem hefst seinni part föstudags og stendur til seinni parts sunnudags. Námskeiðinu er skipt upp í bóklega og verklega þætti. Fyrst er farið yfir efnið með glærुकynningum og síðan er lögð áhersla á að umsjónarmenn og

unglingar kynnist efninu betur með verklegum æfingum og prófa sig áfram með efnið. Lagt er upp með að námskeiðið sé gagnvirk kennsla þar sem umsjónarmenn læra ekki bara af leiðbeinendum námskeiðsins heldur líka hver af öðrum og ekki síst af sinni eigin reynslu í starfinu, þar sem umsjónarmaðurinn lærir hvað fyrri reynsla og upplifun hefur skapað það sem á eftir hefur komið. Í námskeiðslýsingu er farið inn á hvernig hvert umfjöllunarefni er kennt og listar yfir leiki sem hægt er að fara í meðan á námskeiðinu stendur.

3.1 Markmið

Markmiðin með lokaverkefninu í heild eru nokkur en aðalmarkmiðið *er að stuðla að samræmingu í starfi unglिंगadeilda Slysavarnafélagsins Landsbjargar* en með samræmingunni verður starfið markvissara og eykur þar af leiðandi gæði í starfinu.

Eins og áður hefur verið komið að er verkefnið þríþætt, handbók fyrir unglिंगa í unglिंगadeildum Slysavarnafélagsins Landsbjargar, námskeiðslýsing fyrir umsjónarmenn unglिंगadeilda og síðan greinargerðin.

Markmiðið með handbókinni er að *upplýsa unglिंगana um starfið, gefa starfinu ákveðinn ramma sem stuðlar að samræmingu á milli þessa fjölda unglिंगadeilda sem starfa innan Slysavarnafélagsins Landsbjargar og hafa ferilskráningu með það að markmiði að fá unglिंगana sjálfa til að bera ábyrgð á skráningu eigin ferils í starfinu* sem mun svo fylgja þeim upp í björgunarsveitina.

Markmið námskeiðanna er að umsjónarmenn öðlist betri og faglegri þekkingu í starfi með börnum og unglिंगum, ábyrgð sinni og skyldum og séu betur í stakk búnir til að takast á við þau vandamál sem geta komið upp í starfinu. Einnig að umsjónarmenn læri fræðileg hugtök sem tengd eru námsaðferðum í unglिंगastarfinu eins og reynslunám og ígrundun.

3.2 Markhópurinn

Það er sinn hvor Markhópur fyrir þær tvær afurðir sem eru verið að gera. Handbók unglिंगa er ætluð öllum þeim unglिंगum sem starfa í unglिंगadeildum Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Unglिंगarnir eru á aldrinum 13-18 ára og eru samkvæmt félagatali

samtakanna 920 talsins. Unglingadeildirnar eru 54 og eru staðsettar um land allt (Dagbjört H. Kristinsdóttir, 2013 munnleg heimild).

Námskeið umsjónarmanna er ætlað umsjónarmönnum unglíngadeilda Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Umsjónarmennirnir eru á mjög breiðu aldursbili, alveg frá 18 ára og elsti er tæplega sextugur. Samkvæmt félagatali samtakanna eru skráðir 132 umsjónarmenn (Dagbjört H. Kristinsdóttir, 2013 munnleg heimild).

3.3 Afurðirnar til framtíðar

Handbók unglíngva verður kynnt félagsfólki Slysavarnafélagsins Landsbjargar og gefin út í haustið 2014. Handbókin mun vera nýtt af öllum unglíngum í unglíngadeildum félagsins.

Námskeiðslýsingin fyrir námskeið umsjónarmanna verður notuð á námskeiði. Það verður tilraunarkennsla á einu námskeiði áður en það verður sett á dagskrá Björgunarskóla Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Farið verður af stað með prufukeyrslu á námskeiðinu í september 2014 þar sem hópurinn er valinn og fenginn til að taka þátt með þeim formerkjum að námskeiðið sé tilraun og þátttakendur beðnir um að vera með í fullmóta námskeiðið. Það verður blanda af nýjum umsjónarmönnum sem og þeim sem hafa starfað í nokkurt skeið. Námskeiðið verður keyrt samkvæmt kennsluleiðbeiningunum og leiðbeinendur koma til með að skrá hjá sér allt sem fer vel eða það sem þarf að breyta eða bæta. Einnig er farið í tímann, þ.e. hvort námsefnið sé innan þess tímaramma sem gefinn er upp í kennsluleiðbeiningum. Umsjónarmenn eru beðnir um að sitja námskeiðið með það í huga að þeir séu að meta námskeiðið jafnóðum og að rýna þurfi til gagns. Mat á námskeiði og samantekt er í lok námskeiðs samkvæmt dagskránni og er farið í það eins og kemur fram í kennsluleiðbeiningum. Námskeið fyrir umsjónarmenn mun verða í stöðugri þróun og aðlaga sig að tíma og þörfum samfélagsins.

4 Lokaorð

Starfsemi unglिंगadeilda Slysavarnafélagsins Landsbjargar hefur til fjölda ára skipað stóran sess í að ala upp tilvonandi björgunarsveitafólk. Þar er samvinna og traust á hvert annað mikilvægur þáttur sem skapar möguleika fyrir unglिंगa að læra á sjálfan sig og aðra. Það hefur vissulega þroskandi áhrif að takast á við verkefni úti, undir berum himni í hinni ögrandi íslensku náttúru. Í unglिंगastarfinu verður þróun eins og í öllu öðru í samfélaginu og er verkefni þetta er tækifæri til að stuðla að markvissara starfi, samræmingu milli unglिंगadeilda og aukinni faglegru þekkingu umsjónarmanna. Með því að mennta umsjónarmenn og fræða þá um útinám, ævintýranám og reynslunám er verið að stuðla að markvissara starfi. Í kennslufræðum Deweys kemur fram að starf verði að vera markvisst, vel skipulagt og að hlutverk kennarans sé að fá nemendur til þess að hugsa um verkefni og spyrja spurninga sem leiða til umræðu. Það sé síðan umræðan sem hafi menntunarleg áhrif.

Ég tel að þegar umsjónarmenn mæta á umsjónarmannanámskeiðið sé félagslegur ávinningur fyrir nýja jafnt sem eldri umsjónarmenn því námskeiðið er gagnvirk kennsla þar sem umsjónarmenn læra ekki bara af leiðbeinendum námskeiðsins heldur líka hver af öðrum, ekki síst af sinni eigin reynslu í starfinu. Með aukna fræðilega þekkingu á efninu tel ég að umsjónarmenn verði betur í stakk búnir til þess að leiða unglिंगana í gegnum starfið á faglegan hátt. Því faglegru sem leiðbeinendurnir eru því meiri líkur er á færari unglिंगum inn í starfið.

Heimildaskrá

Björn Vilhjálmsson. (2010). *Kynning á heimspeki og kenningagrunni reynslumiðaðs náms*. Sótt 24. apríl 2013 á vef Via experientia

<http://www.viaexperientia.net/is/opin-gatt/handbok/>

Björn Vilhjálmsson. (2010). *Ígrundun um gæði í reynslumiðuðu námi*. Sótt 24. Apríl 2013 á vef Via experientia

<http://www.viaexperientia.net/is/opin-gatt/handbok/>

Brander, P., Gomes, R., Keen, E., Lemineur, M., Oliveira, B., Ondrácková, J. o.fl. (2002). *Kompás: handbók um mannréttindafræðslu fyrir ungt fólk* (Helga Jónsdóttir og Þórgunnur Skúladóttir þýð.). Kópavogur: Námsgagnastofnun.

Bull, C., Hoose, J. og Weed, M. (2003). *An introduction to Leisure Studies*. Prentice Hall. United Kingdom.

Dewey, J. (2000). *Hugsun og menntun*. (Gunnar Ragnarson, þýð.) Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. (2. Útg. 1933).

Dewey, J. (2000). *Reynsla og menntun*. (Gunnar Ragnarson, þýð.) Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins (e.d.). *Raunfærni – Raunfærnimat*. Sótt 17. Mars 2013 af: http://www.frae.is/files/%7BCBEFD033-AB8D-4192-9DA877E9A4372100%7D_Baeklingur.pdf

Gass M. (1995). Programming the transfer of learning in adventure education í *The therory of experimental education*. Ritstjórn Karen Warren, Mitchell Sakofs, Jasper S. Hunt, Jr. Association for Experiential Education, Boulder.

Gilbertson, K., Bates, T., Mclaughlin, T. og Evert, A. (2006). *Outdoor Education. Methods and strategies*. Champaign IL: Human Kinetics.

Gunnar E. Finnbogason. (2009). *Að gera hæfni sýnilega. Mat á raunfærni*. Netla 2009 (vetur). Sótt 2. maí 2013 á: http://skemman.is/stream/get/1946/13990/33551/1/A%C3%B0_gera_h%C3%A6ni_s%C3%BDnilega.pdf

Jakob Frímánn Þorsteinsson. (2011). *Að leika, læra og þroskast úti*. Reykjavík: Háskólaprent

Jakob Frímánn Þorsteinsson. (2011). *Úti er ævintýri. Rannsókn á hálendisferðum* Smáraskóla. Reykjavík: Háskólaprent

Jeffs, T. og Smith, M. K. (2005). *Informal Education – conversation, democracy and learning* (3.útgáfa). Nottingham: Educational Heretics Press.

Rúnar Sigþórsson, Börkur Hansen, Jón Baldvin Hannesson, Ólafur H. Jóhannsson, Rósa Eggertsdóttir og Mel West. (1999). *Aukin gæði náms. Skólaþróun í þágu nemenda*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Slysavarnafélagið Landsbjörg. (e.d.). *Stefnumótun*. Sótt 4.maí 2013 af:
<http://www.landsbjorg.is/assets/felagidlogogreglugerdir/landsbjorggildi.pdf>

Æskulýðsvettvangurinn. (e.d.). *Verndum þau*. Sótt 4. maí 2013 af:
<http://www.aeskulydsvettvangurinn.is/verndum-thornau.html>

Munnlegar heimildir:

Dagbjört H. Kristinsdóttir, verkefnastjóri hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg.
(2013, 28.apríl). Munnleg heimild.

Jónas Guðmundsson, verkefnastjóri hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg. (2013, 29.apríl).
Munnleg heimild.